

**Nr. 024 / 10 Bjargfugl RE 55****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 6474  
Smíðaður: Kópavogi 1982, plast  
Stærð: 8 brl. 7 bt.  
Mesta lengd: 9,7m Skráð lengd: 9,15m  
Breidd: 2,7m Dýpt: 1,72m  
Vél: Yanmar 50 kW 1996  
Fjöldi skipverja: 2



Bjargfugl ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 21. febrúar 2010 var Bjargfugl RE 55 á siglingu á Kollafirði. Veður: NNA 12-17 m/sek.

Þegar báturinn var staddur skammt norður af Viðey stöðvaðist vélin og óskuðu bátsverjar eftir aðstoð. Björgunarbátar voru kallaðir út og þegar að var komið hafði Bjargfugl RE rekið vestur fyrir eyrna. Björgunarskipið Ásgrímur S. Björnsson dró hann til hafnar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að tankurinn var 450 ltr. og jafngamall bátnum. Hann hafði verið smíðaður úr stáli og reyndust suðurnar á honum illa farnar af ryði en einnig var mikill gróður í tanknum. Eftir atvikið var smíðaður tankur úr ryðfríu stáli;
- að bátnum var siglt á móti veðri og komu snögg högg á hann. Taldi eigandinn að það hefði orsakað los á gróðri í tankanum;
- að allar olíusíur stífluðust af óhreinindum úr olútank. Í ljós kom að olútankurinn var lekur og illa farinn af ryði. Þegar bátnum var siglt á móti veðrinu hafði hreyfing hans komið losi á óhreinindin og stíflað síurnar. Rúmlega 200 ltr. af olíu voru í tanknum;
- að eigandinn sagðist skipta oftast um síur en þörf er á;
- að tvö akkeri voru um borð og voru þau tilbúin.

*Nefndarálit:*

Nefndin telur orsök atviksins vera þá að ekki hafi verið nægjanlega fylgst með ástandinu á olíutanknum og hvetur nefndin sjómenn minni báta að skoða reglulega ástand olíutanka.